

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2004 þriðjudaginn 17. febr. kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 22. fundar að Óseyri 2, Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Lögð fram breytt teikning frá H.S.Á Teknistofu af innréttingu í kjallara á húsi nr. 19, í orlofsbyggðinni á Illugastöðum, Fnjóskadal. Byggingarnefnd samþykkti teikningu af breytingum á kjallaranum á fundi 16. des 2003 með ábendingu um aðra lausn á fyrirhugaðri innréttingu og lagfæringum á teikningu vegna brunavarna.

Byggingarnefnd samþykkir framlagðar teikningar, enda þær breytingar sem nýjar teikningar sýna til verulegra bóta.

2. Sænes ehf Grenivík sækir um leyfi fyrir byggingu á gistiheimili á lóð nr. 2 við Miðgarða á Grenivík. Meðfylgjandi eru teikningar frá AVH teiknistofu sem sýna að verkinu er áfangaskipt og er sótt um byggingarleyfi fyrir 1. áfanga. Gert er ráð fyrir að aðstaða fyrir stafsfólk og annað sé í Miðgördum, en þar hefur verið rekið gistiheimili og veitingarekstur í nokkur ár.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

3. Elva Sigurðardóttir sækir um leyfi fyrir viðbyggingu, geymslu við sumarhús sitt sem er á lóð í landi Höskuldsstaða Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi teikning er frá Opus teikni- & verkfræðistofu verk nr. 030111.

Samþykkt.

4. Á fundi 16. september 2003 samþykkti byggingarnefnd umsókn frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni um leyfi fyrir breytingum á íbúðarhúsinu að Öngulsstöðum I og að húsinu yrði skipt upp í 2 eignir.

Nú liggur fyrir ný umsókn og breyttar teikningar frá Opus teikni- & verkfræðistofu.

Á teikningunum kemur fram að gert er ráð fyrir 3 íbúðum í húsinu og er óskað eftir leyfi fyrir að húsinu verði skipt upp í 3 sjálfsæðar eignir.

Byggingarnefnd samþykkir fyrir sitt leyti framlagðar teikningar og skiptingu hússins í 3 eignir, en byggingarleyfi fyrir breytingum á húsinu verður ekki gefið út fyrr en staðfesting sveitarstjórnar liggur fyrir.

5. Á fundi byggingarnefndar 16. desember 2003 var fjallað um teikningar af breytingum á fjósi og hlöðu í legubásafjós á jörðinni Ytri-Tjörnum Eyjafjarðarsveit. Byggingarnefnd gerði athugasemd við að teikningarnar væru ekki undirritaðar af löggiltum hönnuði og einnig voru athugasemdir frá eldvarnareftirliti. Nú liggja fyrir teikningar undirritaðar af löggiltum hönnuði Eiríki Blöndal Búnaðarsamtökum Vesturlands og samþykkir nefndin þær.

6. Fasteignir Akureyrarbæjar kt. 710501-2380 leggja fram teikningar af Hlíðarskóla (Varpholti) í Hörgárbyggð undirritaðar af Einari Jóhannsyni. Hlíðarskóli hóf starfsemi þar haustið 2001. Ákveðið var þá að unnið yrði að því að teikna húsið upp og fá teikningar samþykktar af öllum aðilum sem málið varðaði. Dregist hefur meira en ætlað var í fyrstu, að skila inn teikningum af húsinu.

Byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við þær breytingar á húsinu sem framlagðar teikningar sýna, en frestar endanlegri afgreiðslu og fer fram á að skilað verði inn teikningum með byggingarlýsingu og afstöðumynd, einnig að þær verði lagfærðar til samræmis við athugasemdir sem fram koma hjá umsagnaraðilum.

7. Erindi frá Fasteignum Akureyrarbæjar kt. 710501-2380 um breytingar á dvalarheimili aldraðra í Skjaldarvík sem staðið hefur ónotað í nokkur ár. Meðfylgjandi teikningar eru frá Teiknistofu Arkitekta undirritaðar af Gylfa Guðjónssyni. Ákveðið hefur verið að endurinnrétta og breyta hluta af húsnæðinu, eða fyrstu hæðinni að mestu og nota til bráðabirgða í tvö ár meðan byggt verður við elliheimilið Hlíð á Akureyri. Fyrir liggja athugasemdalausar umsagnir frá eldvarnareftirliti, heilbrigðisfulltrúa og vinnueftirliti.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

8. Baldur Haraldsson kt. 250562-4039 Furuhlíð 6 Sauðárkróki sækir um staðbundna viðurkenningu sbr. ákvæði í 37. gr. byggingarreglugerðar til að bera ábyrgð á verkþáttum múrarmeistara við byggingarframkvæmdir á starfsvæði byggingarnefndar Eyjafjarðar.

Meðfylgjandi er sveinsbréf, meistarabréf og samantekt yfir verk sem umsækjandi hefur staðið fyrir, ásamt bréfum um staðfestingu frá þeim aðilum sem umsækjandi hefur fengið viðurkenningu hjá.

Byggingarnefnd samþykkir að veita Baldri löggildingu á starfsvæði nefndarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.

Hreiðar Hreiðarsson
Kristján Kjartansson
Jónas Baldursson

Klængur Stefánsson
Bragi Pálsson
Jósavin Gunnarsson